

**Ed.** **496. Frumvarp til laga** [231. mál]  
um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

1. gr.

1. málsg. 73. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bæt看 samkvæmt framan- greindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingarfélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1.25% af lögboðinni váttryggingarfjárhæð ökutækis. Endur- kröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.